

**FUNDARGERÐ**  
**BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA**

**739. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 27. febrúar 2012**  
**kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

**Dagskrá:**

1. Bréf Umhverfisstofnunar.
2. Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
3. Bréf Veðifélags Víðidalsár.
4. Bréf Efnamóttökunnar hf.
5. Fundargerð stjórnar SSNV frá 14. febrúar sl.
6. Fundargerð Menningarráðs Norðurlands vestra frá 2. febrúar sl.
7. Umsögn um samgönguáætlanir 2011-2014 & 2011-2022.

**Afgreiðslur:**

1. Bréf Umhverfisstofnunar lagt fram en þar er tilkynnt ákvörðun stofnunarinnar að segja upp samningi við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra um framsal eftirlits. Þá er þess óskað að Húnaþing vestra tilnefni tengilið til stofnunarinnar fyrir 15. mars nk. Byggðarráð samþykkir að tilnefna Ólaf H. Stefánsson, forstöðumann tæknideildar sem tengilið við Umhverfisstofnun.
2. Til kynningar lagt fram bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þar sem m.a. er fjallað um samkomulag um tímabundna breytingu á verkaskiptum ríkis og sveitarfélaga.
3. Fram lagt aðalfundarboð Veðifélags Víðidalsár. Fundurinn verður haldinn í Félagsheimilinu Víðihlíð sunnudaginn 4. mars nk. kl. 13:00. Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.
4. Fram lagt til kynningar bréf Efnamóttökunnar hf. þar sem fjallað er um samninga um söfnun raftækjaúrgangs. Byggðarráð samþykkir að vísa bréfinu til afgreiðslu tæknideildar.
5. Fundargerð stjórnar SSNV frá 14. febrúar sl. lögð fram til kynningar. Skúli Þórðarson, sveitarstjóri fór yfir einstaka liði fundargerðarinnar.
6. Til kynningar lögð fram fundargerð Menningarráðs Norðurlands vestra frá 2. febrúar sl.
7. Umsögn um samgönguáætlanir 2011-2014 og 2011-2022. Byggðarráð samþykkir eftirfarandi umsögn vegna framlagðra þingsályktunartillagna um samgönguáætlanir 2011-2014 og 2011-2022:  
„Sveitarstjórn Húnaþings vestra telur að í framlögðum tillögum til þingsályktana um samgönguáætlun 2011-2022 og um fjögurra ára samgönguáætlun 2011-2014 sé alltof litlum fjármunum varið til uppbyggingar og viðhalds héraðs- og tengivega. Samkvæmt upplýsingum sem fram koma í tillögunum eru stofnvegir alls rúm 38% heildarvegakerfis landsins, héraðsvegir um 24%, tengivegir um 23% og landsvegir um 15%.  
Í tillögunum kemur m.a. fram hvaða fjármunum skuli varið til stofnkostnaðar einstakra vegflokka til ársins 2014 og þegar litið er til fjárveitinga til stofnkostnaðarframkvæmda í einstökum vegflokkum til ársins 2014 þá er ljóst að ekkert samræmi er milli fjárveitinga til framkvæmda innan einstakra vegflokka og hlutfalls þeirra af heildarvegakerfi landsins. Það sem sérstaklega vekur athygli er hve litlum fjármunum er ætlað til stofnkostnaðarframkvæmda héraðsvega á árunum 2012-

2014 eða alls kr. 204 millj. Á sama tíma er heildarfjárveiting til stofnkostnaðarframkvæmda á stofnvegum og tengivegum alls kr. 13.984 millj. Sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur um árabil bent á nauðsyn þess að auknum fjármunum verði varið til nýframkvæmda og viðhalds héraðs- og tengivega og að núverandi ástand þeirra vega í sveitarfélaginu sé með öllu óásættanlegt. Nauðsynlegustu verkefni sem við blasa í Húnaþingi vestra eru m.a. slitlagsklæðning á Vatnsnesveg, breyting vegstæðis, uppbygging og slitlagsklæðning á Miðfjarðarveg að vestan og breyting vegstæðis og bygging nýrrar brúar yfir Tjarnará á Vatnsnesi. Mikilvægt er að í samgönguáætlunum næstu ára verði gert ráð fyrir þessum brýnu framkvæmdum.

Þess vegna leggur sveitarstjórn Húnaþings vestra til að framlög til nýframkvæmda á héraðsvegum og tengivegum verði tvöfölduð á tímabilinu 2012-2014 en framlög til nýframkvæmda á stofnvegum verði skert að sama skapi. Ljóst má vera að hlutfallsleg áhrif þessarar tillögu milli einstakra vegflokka teljast óveruleg.“

Samþykkt að taka á dagskrá:

8. Sveitarstjóri lagði fram upplýsingar frá Kjarasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga v/ bréfs Þorbjörns Gíslasonar, trúnaðarmanns kennara sem lagt var fram á 737. fundi byggðarráðs. Samkvæmt álitum kjarasviðs sambandsins er það í hendi hvernar sveitarstjórnar að ákveða hvort það eigi að greiða áheyrnarfulltrúum í nefndum og ráðum þóknun fyrir fundarsetu eða ekki. Afgreiðslu vísað til sveitarstjórnar.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:30

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Stefán Einar Böðvarsson.

---

Elín R. Líndal.

---

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúar:

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Sigurður Kjartansson.